

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Þorrasalir 37. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs 15. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Þorrasali 37.

Í breytingunni felst að byggingarreitur þegar samþykkrar viðbyggingar stækkar um 22 m<sup>2</sup> og á suðurhlíð hússins verður reist viðbygging á 1. hæð, samtals 18 m<sup>2</sup>. Að auki er gert ráð fyrir nýju anddyri við hlið þess sem nú er, samtals um 15 m<sup>2</sup>. Byggingarmagn eykst úr 392 m<sup>2</sup> í 447 m<sup>2</sup>, nýtingarhlutfall fer úr 0,53 í 0,60.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 30. mars 2022.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 30. mars 2022